



INOWA

KLÚBBURINN

UPPGJÖR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS OG ÁRSINS 2024

Margrét Tryggvadóttir

Skemmtana- & forstjóri

Pórhallur Jóhannsson

Fjármálastjóri

NOVA
KLÚBBURINN


Lykiltölur úr rekstri 4F 2024



Góð rekstrarniðurstaða mikilvægt veganesti fyrir næstu skref Nova


Heildartekjur

+5,2%




Þjónustutekjur

+9,0%




Vörusala

-1,1%




EBITDA

+10,8%




EBITDA%

+5,3%



Handbætt frá rekstri

-15,4%




Lykiltölur úr rekstri 2024



Góð rekstrarniðurstaða mikilvægt veganesti fyrir næstu skref Nova


Heildartekjur

+2,5%




Þjónustutekjur

+6,4%




Vörusala

-6,8%




EBITDA

+3,8%




EBITDA%

+1,3%



Handbætt frá rekstri

+3,1%



Fréttir af starfseminni:

Flakknet

Hærri meðaltekjur viðskiptavina

Farsímanet | Flakknet

Fjöldi símkorta
1H 2024

549.726

33,3%

markaðshlutdeild

Tekjur

4F milli ára

+7,4%

12M milli ára

+4,6%


Viðskiptavinum fjölgaði

Meðaltekjur pr. viðskiptavin (ARPU) hækkar

Flakknet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.



Farsímanet: Stækkun markaðar, símkorta*



*Skýrsla fjarskiptastofu

- Nova m.v. stækkun markaðar
- Samtals stækkun markaðarins

Fréttir af starfseminni:

Fastnet

Hærri meðaltekjur viðskiptavina

Internetþjónusta Fastnet

Fjöldi nettenginga
(ljósleiðari/XDSL) 1H 2024

146.216

Internet til heimila

18,3%

markaðshlutdeild

Tekjur

+11,6% 4F milli ára

+9,6% 12M milli ára

■ Viðskiptavinum fjölgaði

■ Meðaltekjur pr. viðskiptavin (ARPU) hækkar

Ljósleiðari


19,9%

markaðshlutdeild

Fastnet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur

NOVA
KLÚBBURINN

Internet: Stækkun markaðar*



*Skýrsla fjarskiptastofu

■ Nova m.v. stækkun markaðar

■ Samtals stækkun markaðarins

VIÐ LEIÐUM DANSINN

FYRST INN Í FRAMTÍÐINA

MEÐ SNJALLARI LAUSNIR

Í FARARBRODDI MEÐ INNVIÐI

Stjórn Nova hefur ákveðið að stofna sérstak innviðafélag um lykilinnviði; dreifikerfi og stofnnet, sem verður að fullu í eigu Nova Klúbbsins, móðurfélags Nova.

Með nýju félagi, Nova innviðir, verður til skýrari aðgreining ólíkra þátta í starfsemi félagsins, þjónustu- og innviðarekstrar, sem styrkir stöðu Nova sem leiðandi aðila á íslenskum fjarskiptamarkaði. Þannig skapast mikilvægt tækifæri til hagræðingar með samnýtingu og traustari grundvöllur til þess tryggja loforð okkar um að vera fyrst inn í framtíðina með snjallari lausnir.



STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
Í HEIMI



BEST

STÄRSTU
SKEMMTU
STADUR
(HEIM!

SUPER
ACHIEVEMENT
1.500
NOVA



Takk fyrir okkur!

Ánægðustu viðskiptavinirnir
á netinu 16 ár í röð!

Ánægðustu viðskiptavinirnir í 16 ár

Markmið okkar er að eiga ánægðustu viðskiptavinina. Við skorum stöðugt á markaðinn, reglurnar, gömlu risaeðlurnar og viljum vera fyrst inn í framtíðina með snjallari lausnir.

Við leggjum áherslu á framúrskarandi þjónustu og að viðskiptavinir fái sem mest fyrir peninginn hjá Nova!

Íslenska Ánægjuvogin er stærsta og þekktasta ánægjukönnun viðskiptavina á Íslandi. Nova hefur verið sigurvegari þessara verðlauna í 16 ár samfleytt og er ríkjandi meistari á sínum markaði. Af öllum fyrirtækjum sem könnuð voru árið 2024 varð Nova í fimmta sæti.

NPS Score 2023


Nova 32

Síminn -5

Vodafone -38



NOVA
KLÚBBURINN



Ánægjan leynir sér ekki



Gæði



Gæði þjónustu

Hversu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) ert þú með heildargæði þjónustu (fyrirtækis)




Gæði vöru

Hversu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) ert þú með heildargæði vöru (fyrirtækis)




Mest fyrir peninginn!





Uppáhalds tilboð



Andrýmið



Kaffi Klipp




Rekstrarreikningur

NOVA
KLÚBBURINN

Tekjustofnar




Heildartekjur




	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
FlakkNet	1.637	1.523	113	7,4%
FastNet	1.005	901	104	11,6%
Vörusala	586	592	-6	-1,1%
Aðrar tekjur	273	311	-38	-12,1%
Heildar rekstrartekjur	3.501	3.327	174	5,2%

	2024	2023	Breyting	%
FlakkNet	6.461	6.177	284	4,6%
FastNet	3.897	3.557	340	9,6%
Vörusala	1.851	1.985	-135	-6,8%
Aðrar tekjur	1.106	1.274	-168	-13,2%
Heildar rekstrartekjur	13.314	12.993	321	2,5%


FlakkNet




FastNet



Vörusala



Aðrar tekjur*




*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021
Allar tölur í m.kr.


Tekjustofnar

NOVA
KLÚBBURINN


Heildartekjur




Þjónustutekjur




FlakkNet




FastNet



Vörusala



Aðrar tekjur*



*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021
Allar tölur í m.kr.

Rekstrarreikningur



Rekstrartekjur

Hækkun tekna skýrist af fjölgun viðskiptavina, auknum reikitekjum af ferðamönnum og vexti í tekjum af sérlausnum til stórnotenda. Vörusala dregst saman milli ára þar sem stærstu áhrifin eru minni sala af símtækjum og lægri einingaverð.

Rekstrargjöld

Kostnaðarverð seldra vara lækkar milli ára sem skýrist af samdrætti í vörusölu. Laun og launatengd gjöld hækka vegna almennra launahækkana en stöðugildum fjölgar lítillega. Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára sem skýrist af almennum verðlagshækkunum.

Afskriftir

Afskriftir hækka á milli ára um 5,3%. Afskriftir óefnislegra eigna lækka lítillega en afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar hækka með fjárfestingum í fjarskiptakerfi sem og fjölgun sendastaða.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld lækka um 11% milli ára. Vaxtagjöld annarra skulda og leiguskuldbindinga hækka vegna aukinna leiguskuldbindinga en á móti lækka verðbætur annara skulda vegna lægri verðbólgu milli ára sem og að vaxtagjöld langtímalána lækka vegna lægri skuldastöðu.





	4F 2024	4F 2023	Breyting / %		2024	2023	Breyting / %	
Heildar rekstrartekjur	3.501	3.327	174	5,2%	13.314	12.993	321	2,5%
Kostnaðarverð seldra vara	1.595	1.644	-49	-3,0%	6.139	6.243	-104	-1,7%
Laun og launatengd gjöld	563	459	104	22,6%	2.031	1.796	235	13,1%
Annar rekstrarkostnaður	278	263	15	5,8%	1.016	976	41	4,2%
Heildar rekstrargjöld	2.436	2.366	70	2,9%	9.186	9.014	172	1,9%
EBITDA	1.065	961	104	10,8%	4.128	3.979	149	3,8%
EBITDA%	30,4%	28,9%	1,5%	5,3%	31,0%	30,6%	0,4%	1,3%
Afskriftir	(-632)	(-563)	(-69)	12,3%	(-2.266)	(-2.152)	(-114)	5,3%
Rekstrarhagnaður	433	398	35	8,7%	1.862	1.826	35	1,9%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-145)	(-197)	52	-26,2%	(-839)	(-943)	104	-11,0%
Tekjuskattur	(-44)	(-19)	(-25)	126,9%	(-216)	(-155)	(-61)	39,3%
Hagnaður tímabilsins	244	182	62	33,9%	807	729	78	10,7%
Hagnaður á hlut	0,07	0,05	0,02	37,1%	0,22	0,19	0,03	14,6%

Afkoma tímabilsins

Hagnaður á 4. ársfjórðungi er 244 m.kr. og eykst um 33,9% frá fyrra ári. Hagnaður ársins er 807 m.kr. og hækkar um 10,7%. Hagnaður á hlut á árinu í heild er 0,22 kr. og hækkar um 14,6% frá fyrra ári.

Rekstrarreikningur – kennitölur

Hagnaður ársins



*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021 og skráningu á markað 1H 2022
Allar tölur í m.kr.

Efnahagsreikningur

NOVA
KLÚBBURINN

Efnahagsreikningur



Eignir

Fastafjármunir aukast um 1,1%, en þar munar mest um nýtingarétt leigueigna sem skýrist af fjölgun sendastaða og styrkingu stofnnets. Á móti lækka óefnislegar eignir þar sem afskriftir eru umfram viðbætur á árinu, afskriftarhlutföll fyrir utan tíðnileyfi eru 20%-50%. Veltufjármunir aukast um 16%, en þar munar mest um hækkun á handbæru fé sem skýrist af sterku sjóðstreymi.

Skuldir

Langtímaskuldir aukast um 3,1% á árinu. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, en leiguskuldbindingar hækka með viðbættum sendastöðum og styrkingu stofnnets. Skammtímaskuldir samtals minnka um 3,4%. Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga hækka með hærri leiguskuldbindingum en aðrar skammtímaskuldir lækka á móti.


Eigið fé

Hlutfé og yfirverðsreikningur eigin fjár lækka með endurkaupum ársins. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars sl. var hlutfé lækkað um 133.3 m.kr. að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu maí 2023 til janúar 2024. Óráðstafað eigið fé hækkar með viðbættum hagnaði ársins. Eiginfjárhlutfall er 40,6% í lok tímabilsins.


	2024	2023	Breyting	%
Viðskiptavild	10.136	10.049	88	0,9%
Óefnislegar eignir	1.426	1.639	-213	-13,0%
Rekstrarfjármunir	3.939	4.030	-91	-2,3%
Leigueignir	4.654	4.292	362	8,4%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	551	476	75	15,8%
Fastafjármunir samtals	20.708	20.488	220	1,1%
Birgðir	410	405	4	1,1%
Viðskiptakröfur	1.174	1.125	50	4,4%
Aðrar skammtímakröfur	494	655	-160	-24,5%
Handbært fé	1.031	497	534	107,5%
Veltufjármunir samtals	3.109	2.681	428	16,0%
Eignir samtals.....	23.818	23.170	648	2,8%
Eigið fé.....	9.664	9.277	387	4,2%
Vaxtaberandi langtímask.	1.890	1.995	-105	-5,3%
Leiguskuldbindingar	6.691	6.329	362	5,7%
Aðrar skuldir	3.057	2.964	93	3,1%
Langtímaskuldir samtals	11.637	11.287	350	3,1%
Næsta árs afb. langtímask.	105	100	5	5,3%
Viðskiptaskuldir	795	813	-17	-2,1%
Ógreiddir skattar	291	275	16	6,0%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	313	244	69	28,3%
Aðrar skammtímaskuldir	1.012	1.174	-162	-13,8%
Skammtímaskuldir samtals	2.517	2.606	-89	-3,4%
Skuldir samtals.....	14.154	13.893	261	1,9%

Efnahagsreikningur - kennitölur


Eiginfjárlutfall




Veltufjárlutfall



Vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir samtals



Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/12m EBITDA





Sjóðstreymi

NOVA
KLÚBBURINN

Sjóðstreymi



Handbært fé frá rekstri

Hækkun skýrist af hærra veltufé frá rekstri en á móti hækka greiddir skattar sem og að breytingar á rekstrartengdum eignum eru lítillega neikvæðar. Nettó greidd vaxtagjöld standa í stað milli ára.

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum sem og óefnislegum eignum lækka í takt við áætlanir félagsins um 415 m.kr. á milli ára. Lokagreiðsla vegna uppgjörs á kaupum á félagi á árinu 2017 upp á 87.5 m.kr. var framkvæmd lok 1. ársfjórðungs.

Fjármögnunarahreyfingar

Félagið keypti eigin bréf að fjárhæð samtals 420 m.kr. á árinu. Í janúar keypti félagið 10.810 þúsund hluti á meðalgenginu 4,15 hver hlutur sem hluti af endurkaupum samþykktum 2023, í apríl hóf félagið svo framkvæmd nýrrar endurkaupaáætlunar og keypti 96.786 þúsund eigin hluta á meðalgenginu 3,88 fyrir samtals 375,7 m.kr.

Frjálst fjárflæði

Frjálst fjárflæði (FCF) ársins er 2.486 m.kr. og hækkar um 564 m.kr. frá fyrra ári. Frjálst fjárflæði til félags, að teknu tilliti til afborganahluta leiguskuldbindinga (FCFFaL) ársins er 1.211 m.kr og hækkar um 447 m.kr. frá fyrra ári.

	4F 2024	4F 2023	Breyting	2024	2023	Breyting
Veltufé frá rekstri	1.065	961	104	4.128	3.979	149
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	47	158	(-111)	(-74)	(-59)	(-15)
Greidd vaxtagjöld	(-141)	(-132)	(-9)	(-672)	(-673)	1
Greiddir skattar	(-117)	22	(-139)	(-274)	(-232)	(-43)
Handbært fé frá rekstri	854	1.010	(-156)	3.107	3.015	93
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-305)	(-391)	85	(-1.398)	(-1.566)	169
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-92)	(-273)	181	(-244)	(-490)	246
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	0	0	0	(-88)	0	(-88)
Fjárfestingahreyfingar	(-398)	(-664)	266	(-1.729)	(-2.056)	327
Keypt eigin bréf	(-146)	(-270)	124	(-420)	(-505)	85
Afborgun leiguskuldbindinga	(-85)	(-49)	(-36)	(-255)	(-194)	(-60)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-14)	(-13)	(-1)	(-54)	(-47)	(-7)
Tekin ný langtímalán	0	2.100	(-2.100)	0	2.100	(-2.100)
Afborganir langtímalána	(-26)	(-2.384)	2.357	(-105)	(-2.483)	2.378
Fjármögnunarahreyfingar	(-271)	(-616)	345	(-834)	(-1.129)	295
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	185	(-270)	455	544	(-170)	714
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(-2)	1	(-3)	(-10)	2	(-12)
Handbært fé í upphafi tímab.	848	766	82	497	665	(-168)
Handbært fé í lok tímabilsins	1.031	497	534	1.031	497	534

Allar tölur í m.kr."


Fjárfestingar

Rekstrarfjármunir

Uppbygging og viðbætur á fjarskiptakerfi félagsins gengu samkvæmt áætlun á árinu. Fjöldi 5G sendastaða í árslok var kominn í samtals 194 og útföstun á 2G lauk í janúar 2025. Einnig var kjarnakerfi uppfært í 5G standalone og viðbætur gerðar á stofnneti félagsins með stækkun á flutningsgetu til að koma til móts við auknar þarfir viðskiptavina um hraða og flutningsgetu.


Óefnislegar eignir

Stórum verkefnum í uppfærslu fjárhagskerfis og þjónustukerfis viðskiptatengsla lauk á síðasta ári. En einnig var þjónustuvefur, app og fríðindaklúbbur uppfærður með tilheyrandi bættri upplifun viðskiptavina.



Sjóðstreymi – kennitölur

Handbært fé frá rekstri



*Tölur leiðréttar fyrir einskiptisliðum vegna sölu óvirkra innviða á 4F 2021/2022
Allar tölur í m.kr.

Horfur & Hluthafar

NOVA
KLÚBBURINN

Horfur fyrir 2025

Tekjur áætlaðar á bilinu 13.700 - 14.000 m.kr.

Tekjuhorfur fyrir árið í heildina almennt góðar.

Fjölgun viðskiptavina á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði er áætluð í takt við vöxt fyrri ára.

Vörusala er áætluð að verði í línu við síðasta ár.

Fjöldi ferðamanna sem og ferðalög íslendinga erlendis verði einnig í línu við síðasta ár.

EBITDA áætluð á bilinu 4.000 - 4.400 m.kr.

Horfur miðast við óbreyttan strúktúr og yfirbyggingu samstæðunnar.

Efnahagshorfur almennt jákvæðar en rekstrarkostnaður mun stýrast að hluta af þróun vísitölu neysluverðs og þjónustukostnaður einnig sem og af gengisþróun.


Fjárfestingar 11% - 12% af heildartekjum

Heildarupphæð áætluð í línu við fyrra ár og hlutföll lækki því milli ára.


Verkefni ársins verða áframhaldandi viðbætur í þjónustuvef og appi til að auka og bæta upplifun viðskiptavina enn frekar.

Fjarskiptakerfi verður styrkt og þétt í línu við auknar þarfir og fjölgun viðskiptavina á einstaklingsmarkaði sem og stórmotenda á fyrirtækjamarkaði. Endabúnaður hefur verið uppfærður í WiFi 7.

Tekjuhorfur



EBITDA horfur



Ráðstöfun hagnaðar

Arðgreiðsla

Í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins leggur stjórn félagsins til við aðalfund að arður sé greiddur að fjárhæð 300 m.kr. sem jafngildir 38% af hagnaði ársins.

Arður per hlut er þá 0,082 kr.


Endurkaup

Endurkaup ársins námu samtals 420 mkr.

Í árslok námu eigin bréf samtals 2,63% af útgefnum hlutum.

Stjórn leggur einnig til við aðalfund að heimild til endurkaupa allt að 10% hlutafjár sé endurnýjuð.

Hagnaður á hlut




Hluthafar



Hluthafar 31.01.2025	Fjöldi hluta	%
Birta lífeyrissjóður	453.249.032	12,3%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	312.744.159	8,5%
Stapi lífeyrissjóður	245.985.436	6,7%
Lífsverk lífeyrissjóður	184.004.498	5,0%
Festa – lífeyrissjóður	171.657.183	4,7%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	169.709.159	4,6%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	162.580.017	4,4%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	156.076.759	4,2%
Íslandsbanki hf	126.797.225	3,4%
Stefnir - ÍS 5 hs.	103.988.470	2,8%
Samtals 10 stærstu	2.086.791.938	56,6%
Aðrir hluthafar	1.488.835.526	40,4%
Samtals útistandandi hlutir	3.575.627.464	97,1%
Nova klúbburinn hf.	108.339.000	2,9%
Heildarhlutafé	3.683.966.464	100,0%

Markaðsupplýsingar	31.12.2024	31.12.2023	%
Útistandandi hlutir	3.647.227.464	3.694.776.464	-2,68%
Dagslokagengi í lok tímabils	4,34	4,01	8,23%
Velta ársins (2024)	3.131.130.145	2.340.842.250	33,76%
Fjöldi hluthafa	1.763	2.338	-24,59%



Spurningar

-> fjarfestatengsl@nova.is



www.nova.is/fjarfestar



Fyrirmyndar-
fyrirtæki
16. árið í röð



Íslenska
ánægjuvögin
16. árið í röð




Jafnvægisvögin



Sjálfbærniásinn

Flottasta brandið



Tilnefning
Besta vörumerkið
3 Lúðrar



Stærsti
vildarklúbbur
landsins



Kaffiklipp



Ódýrustu
mörkin



Innflutningsgjöf

Heildartekjur
+ 2,5%

Þjónustutekjur
+6,4%

EBITDA
+3,8%

Hagnaður
+10,7%



Meiri hraði
& betra net



WiFi 7



10x
Gígahraði



194 sendar

Stækkun á þjónustu-
svæði í fastneti um
43.000 heimili



INOWA


KLÚBBURINN

Lýsing tekjustofna




FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.



FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.



Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.



Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
HEIM

Fyrirvarar

Við erum mjög bjartsýn eins og þið sjáið en það er eitt sem þarf að koma fram. Allt sem stendur hérna er byggt á hugmyndum einhvers fólks sem vinnur á skrifstofu hjá Nova. Ekki staðreyndum eða vísindum. Við erum ekki Nasa. Allt sem þessu ágæta fólki dettur í hug að senda frá sér felur í sér ákveðna óvissu, enda eru þau bara mannleg, og þessi fjárfestakynning er ágætis dæmi um það. Okkur finnst skýtið að þurfa að taka það fram, en við áttum okkur á að framtíðin er óskrifað blað. Við erum ekki með kristalskúlu sem sýnir okkur hvað gerist næst. Hlutir geta breyst. Til dæmis gæti afkoman orðið önnur en kemur fram í þessari tilkynningu. Eða loftsteinn tortímt gervöllu Arnarnesinu. Staðhæfingar gilda bara á þeim tíma sem fréttatilkynningin kemur út, það er að segja í nútímanum. Ekki framtíðinni. Þið bara lesið þetta með það í huga, takk.

NOVA
KLÚBBURINN